

Fundargerð Skólaráðs Grunnskóla Snæfellsbæjar 28.febrúar 2017 kl. 16:15.

Mættir voru : Hilmar Már Arason, Elfa Eydal Ármannsdóttir, Dagbjört Hjartardóttir, Guðný Jakobsdóttir, Ásdís L. Pétursdóttir og Guðrún Jenný Sigurðardóttir og Valgerður M. Ægisdóttir.

Dagskrá:

1. Til kynningar
2. Skóladagatal
3. Sjálfsmat
4. Önnur mál

1.Til kynningar

- Viðbrögð við óveðri
 - Veðurspár
 - Viðmið frá tryggingafélögum og umferðarstofu

Það virðist vera mikil veðurhræðsla hjá sumum nemendum og þeir fari ekki í skólann ef spáin er slæm. Skólaaksturinn er tiltölulega öruggur og ekki er teft í tvísýnu með rútuferðirnar. Það virðist vera einhver misskilningur í gangi hjá nemendum um að ef það vanti ákveðinn hluta nemenda úr hverjum bekk þá sé ekki kennsla. Auðvitað fer fram kennsla hjá þeim nemendum sem mæta í skólann. Oft eru nemendur að vinna hver í sínu verkefni.
- Viðhald og búnaður
 - Unnið er að því að setja upp brunavarnarkerfi í Ólafsvík og á Lýsuhóli. Búið er að setja upp kerfi í félagsheimilishlutanum á Lýsuhóli og einnig er það komið í nýrri hluta skólabyggingarinnar í Ólafsvík.
 - Aðstaða fyrir skólaliðana verður bætt í Ólafsvík. Vinnuherbergi kennara í Ólafsvík lagfært. Í sumar á að mála skólann á Hellissandi að utan.
 - Keyptir hafa verið skápar í Ólafsvík og nemendastólar fyrir Hellissand. 22 Chrome tölvur verða keyptar en með þeim er allt unnið í skýjalausnum.
- Góðar gjafir
 - Námsefni á kínversku. Nemendur úr Háskóla Íslands komu í heimsókn og færðu skólanum kínverska orðabók, bækur, spil og plaggöt.
 - 3D prentari og skanni. Ásbjörn Óttarsson gaf skólanum þessa hluti og verður þetta staðsett út á Hellissandi til að byrja með en verður færanlegt ef þörf krefur.
 - Hljóð- /söngkerfi. Lionsklúbbur Nesþinga, Alda Dís Arnardóttir og Snæfellsbær færðu skólanum hljóð- /söngkerfi.
 - Hljóðfæri. Kvenfélagið Sigurvon gaf Gsnb á Lýsuhóli hljóðfæri að andvirði 250 þúsund. En alls voru keypt hljóðfæri að andvirði 350 þúsund.
- Næsta skólaár
 - Það vantar sérkennara við skólann. En annars er frekar mikill stöðugleiki í starfsmannahaldi.
- Vegvísir
 - Haldnir hafa verið tveir fundi á vegum Snæfellsbæjar vegna *Vegvísar samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara vegna málefna grunnskólans.*
- Samstarf við Landvernd
 - Markmið verkefnis
 - Markmiðið er að Grunnskóli Snæfellsbæjar, 1) taki þátt í að þróa með okkur verkefni þar sem nemendur læri um mengun sjávar af völdum plasts og áhrif þess á lífríki á þverfaglegan hátt og 2) noti til þess nemendamiðaðar aðferðir með áherslu á umbreytandi nám (e. transformative education) og getu til aðgerða (e. action competence) 3) að nemendur takist á við orsakir vandans og læri hvernig megi koma í veg fyrir áframhaldandi mengun og 4) að

verkefnið geti gagnast öðrum skólum í framtíðinni í tengslum við Norræna strandhreinsunardaginn.

Hugmyndin er að Grunnskóli Snæfellsbæjar verði í forystu skóla á Snæfellsnesi í strandhreinsunarverkefninu og aðrir skólar geti nýtt sér efnið sem þróað verður á næsta ári, í tengslum við strandhreinsun 2018.

Áætlaður afrakstur verkefnis

Stefnt er að því að verkefnið muni í framtíðinni skila af sér fræðslu- og kennsluefni sem tengist baráttu gegn plasti og gera notkun umbreytandi kennsluhátta (e. transformative education) og getu til aðgerða (e. action competence) aðgengilegri í skólastarfi.

Verkefnið mun skila aukinni þekkingu ungmenna á mikilvægum alþjóðlegum umhverfismálum á þeim tíma sem þau eru í alþjóðlegri umræðu, getu til að skilja orsakir, afleiðingar og samspil þeirra, hæfni til að tjá sig um þau í ræðu og riti og til að takast á um álitamál í lýðræðislegum umræðum, t.d. hvernig takast skuli á við plastmengun í hafi. Þá mun verkefnið skila aukinni getu kennara til að takast á við flókin umhverfismál og að miðla þeim til nemenda. Þá er afar líklegt að sú þekking sem byggist upp í skólasamfélaginu smitist út í nærsamfélag skólans, og lögð verður áhersla á að ýta undir slík margföldunaráhrif verkefnisins, m.a. með kynningum nemenda á niðurstöðum sínum fyrir samfélaginu.

2. Skóladagatal

- 180 nemendadagar eiga að vera á hverju skólaári.
- 13 skipulagsdagar án nemenda – 5 á skólatíma og 8 fyrir og eftir skólatíma
- Vetrarfrí?
- Skólasetning – skólaslit?
- Foreldraviðtöl – heil vika/einn dagur?
- Árshátíðir – teljum sem tvöfaldan dag
- Annað?

3. Sjálfsmat

Innra mat

Með innra mati er skólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmunum nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Þetta er alveg eins uppbyggt og ytra mat skólans sem var framkvæmt fyrir tveimur árum. Við tókum út sex þætti núna sbr. Skemað hér að neðan. Sjálfsmatsáætlun er gerð til þriggja eða fjögurra ára. Stjórnendateymi skólans skipar matsteymið.

Langtímaáætlun um innra mat

Viðfangsefni	2016-2017	2017-2018	2018-2019
1. Nám og kennsla:			
1.1 Inntak, árangur og framfarir	x	x	x
1.2 Skipulag náms og námsumhverfi	x	x	x
1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu	x	x	x
1.4 Námsættir og námsvitund	x		
1.5 Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda			x
1.6 Skóli án aðgreiningar		x	
2. Mannauður:			
2.1 Fagmennska starfsfólks		x	
2.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	x		x
3. Stjórnun og skipulag:			
3.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi			x
3.2 Stjórnun skólans		x	x
3.3 Faglegt samstarf	x		
3.4 Skólabróun og starfsþróun		x	
3.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x
4. Skólabragur:			
4.1 Viðmót og menning	x	x	x
4.2 Velferð og líðan nemenda	x	x	x
4.3 Samstarf heimila og skóla		x	
5. Innra mat			
5.1 Framkvæmd innra mats	x		x
5.2 Umbótastarf í kjölfar innra mats	x		x

Skólaárið 2016 - 2017

Matsáætlun fyrir skólaárið 2016-2017

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
1.1 Inntak, árangur og framfarir					HMA
1.2 Skipulag náms og námsumhverfi					HMA
2.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað					EEÁ & MGH
3.3 Faglegt samstarf					EEÁ & MGH
3.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur					RE
4.2 Velferð og líðan nemenda					VLS

4. Önnur mál

Rætt um foreldraviðtölin.

Fleira ekki rætt.
Fundu slitið kl. 17:12

Elfa E. Ármannsdóttir
Aðstoðarskólastjóri